

Framkvæmdasýslan - ríkiseignir
Eigna- og aðstöðuskýring
Óskar Páll Óskarsson

Garðabær, 23. október 2023
Málsnúmer: 202310-0003
IAS/OKV/BK/SS

Efni: Skógrækt á ríkisjörðinni Ánastaðir, landnr. 157175

Við er í erindi frá Framkvæmdasýslunni - ríkiseignum, dags. 2. október 2023, þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands um hversu vel jörðin Ánastaðir, landnr. 157175, henti til skógræktar. Verið er að skoða hvort setja eigi jörðina í leigu eða sölu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér málið og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Í desember 2022 gaf Náttúrufræðistofnun umsögn um erindi sem Fjármála- og efnahagsráðuneytinu barst frá Skógræktinni um skógrækt á nokkrum tilteknum ríkisjörðum og er rétt að endurtaka þær almennu athugasemdir sem þá var komið á framfæri áður en fjallað verður um jörðina Ánastaði:

Náttúrufræðistofnun Íslands telur afar mikilvægt að ákvarðanataka um hvar skipuleggja og framkvæma eigi skógrækt beri að byggja á upplýstu mati um hvar og hvar ekki henti að rækta skóg. Það mat þarf ekki síst að taka tillit til þeirra áhrifa sem skógrækt hefur á náttúru og umhverfi, m.a. á líffræðilega fjölbreytni þ.m.t. gróðurfar og fuglalíf en einnig á jarðfræðilega fjölbreytni og landslag. Skógrækt felur alla jafna í sér umtalsverða breytingu á því umhverfi og náttúrufari sem fyrir er, sérstaklega þegar um er að ræða ræktun á innfluttum trjátegunum sem eru framandi í íslensku landslagi. Meta þarf hvort sú breyting hafi neikvæð áhrif á náttúrufer og landslag sem fyrir er eða ekki. Þess vegna skiptir máli að á fyrirhuguðum skógræktarsvæðum sé lagt mat á verndargildi þess lífríkis, jarðminja og landslags sem þar er fyrir. Til þess má nota ýmsar fyrirbyggjandi upplýsingar og/eða fara í athuganir á vettvangi þar sem slíkar upplýsingar vantar.

Slík nálgun er í fullu samræmi við nýja stefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda um skógrækt og landgræðslu sem matvælaráðherra kynnti í ágúst 2022. Stefnan ber heitið „Land og líf. Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt. Stefna og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031“. Þar má sérstaklega benda á inntak aðgerðar 2.3 í aðgerðaáætluninni sem fjallar um að þróa eigi og innleiða ný gæðaviðmið við val á landi til skógræktar. Í gæðaviðmiðunum skuli sérstaklega gerð grein fyrir forsendum fyrir vali á landi til skógræktar með tilliti til náttúruverndar, minjaverndar og landslags.

Þá ber að gera grein fyrir umhverfislegum og samfélagslegum verðmætum sem fyrir kunna að vera á tilvonandi skógræktarsvæðum og sem geta orðið fyrir áhrifum af skógrækt. Stefnt er að því að slíkt mat verði hluti af upplýsingum sem fylgja umsóknum um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt. Þessi gæðaviðmið liggja ekki fyrir að svo stöddu en að mati Náttúrufræðistofnunar má reikna með að þau atriði sem nefnd eru hér að framan, þ.e. verndargildi lífríkis, jarðminja og landslags, muni vega þungt. Þá ber að nefna aðgerð 2.2. um gerð áhættumats á notkun algengustu trjáteguna í skógrækt en, eins og fram kemur í aðgerðaáætluninni, þá breytir skógrækt með framandi tegundum þeim vistkerfum sem fyrir eru og sumar framandi trjátegunir sem nýttar eru í trjárækt hér á landi sá sér út. Þess vegna er mikilvægt að lagt sé áhættumat á þessar tegundir með það að markmiði að skera úr um hvort þær séu ágengar eða ekki en framandi, ágengar tegundir geta haft mjög neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni og koma þarf í veg fyrir útbreiðslu þeirra. Meðan ekki liggur fyrir slíkt áhættumat fyrir helstu framandi tegundir sem notaðar eru í dag telur Náttúrufræðistofnun að í varúðarskygni ætti ekki að rækta þær á eða nálægt svæðum þar sem hætta er á að þær geti valdið tjóni, t.d. þar sem vistgerðir/búsvæði lífvera/landslag eru sérstaklega viðkvæm eða verðmæt.



Vert er að taka sérstaklega fram að rannsóknir hafa sýnt að skógrækt hefur fælandi áhrif á vaðfugla, þ.m.t. tegundir sem Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á. Þetta eru tegundir eins og heiðlóa, spói og stelkur. Þessar tegundir forðast skóglendi og kjósa opin svæði fyrir varp og fæðuöflun. Þá þarf einnig að taka tillit til jaðaráhrifa því þéttleiki margra vaðfugla er lægri þegar nær dregur skóglendi en fjær.

Ánastaðir.

Jörðin Ánastaðir er að hluta til inni á svæði nr. 605 á náttúruminjaskrá en um það segir: „Viðáttumiklir flóar með kilum og tjörnum, sem eru mikið til óframræstir. Sendin gulstararengi. Svæðið er mikilvægt vegna gróðurs og fuglalífs.“

Lítið eitt hallandi jarðlög einkenna landslag á jörðinni sem nær frá um 100 m hæð yfir sjó upp í rúmlega 400 m. Landið er að langmestu leyti vel gróið og lítið ber á jarðvegsrofi nema þá helst í Vörðubrekku ofan 200 m hæðar yfir sjó þar sem nokkur halli er á landinu.

Klettaholt sem standa upp úr landinu eru lítið gróin en á þurrendum svæðum eru mólendisvistgerðir ríkjandi sem og birkiskógar og víðikjarr. Votlendi er í lægðum og á flatlendi og er sýnu mest á láglandi í grennd við Ánastaði. Mest er votlendi í kringum Ánastaðavatn sunnan bæjarins, votlendið er nánast óraskað og telst að líkindum vera tjarnarstararflóavist í bland við aðrar vistgerðir votlendis. Votlendi og smávötn eru sömuleiðis norðan bæjar og hefur því aðeins lítilllega verið raskað með framræslu, einkum þá í grennd við Ánastaðabæinn. Austan Ánastaðabæjar er sömuleiðis umtalsvert votlendi í slökkum neðan klettaása, einkum á láglandi við Vallará. Líklegt má telja að helstu votlendisvistgerðir séu tjarnarstararflóavist, starungsmýravist og runnamýravist á láglandi. Ofan Vörðubrekku í kringum Hvannafell eru allvíðáttumiklar mýrar sem að líkindum teljast til rimamýravistar, þótt þær hafi ekki verið kortlagðar sem svo á vistgerðkort. Allar ofantaldar vistgerðir hafa hátt til mjög hátt verndargildi (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016).

Umtalsverður hluti jarðarinnar er votlendi, líkast til meira en það sem nú kemur fram á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar. Það kort sem sýnir votlendi í kortasjá Náttúrufræðistofnunar: „Sérstök vernd vistkerfa og jarðminja“ er líklega vanmetið á jörðinni og kemur ekki fram á réttum stöðum. Ekki er til gróðurkort frá þessu svæði til að greina betur frá útbreiðslu og gerð votlendis.

Af loftmyndum að dæma er ekki að merkja að skógrækt hafi verið stunduð á jörðinni. Ef sú er raunin, líkt og tekið er fram í erindisbréfinu, þá er umfangið mjög lítið eða framkvæmdir mjög nýlegar svo að ekki sést á loftmyndum teknar 2021 (sbr. map.is).

Segja má að einkenni jarðarinnar séu blár (flatt og blautt votlendi, oft með tjarnastör sem ríkjandi tegund), klettaásar, birkiskógar og mólendi. Þá eru ummerki um mannvist, s.s. framræslu eða byggingar, afar takmörkuð. Jörðin er vel gróin og lítið ber á virku jarðvegsrofi á landinu.

Skógrækt á þessu svæði mundi rýra gildi vistgerða með hátt til mjög hátt verndargildi enda fylgir því rask á gróðri og jarðvegi og aukin áhætta á að framandi tegundir dreifi sér út frá skógræktarsvæðum.

Upplýsingar um fuglalíf á jörðinni eru af skornum skammti og væri æskilegt að kanna það betur en jörðin er í jaðri mikilvægs fuglasvæðis Það má þó reikna fastlega með því að sú mósaík vistgerða sem þarna er að finna standi undir háum þéttleika vaðfugla sem þrífast ekki í skóglendi..

Náttúrufræðistofnun telur að miðað við fyrirliggjandi upplýsingar um náttúruvar jarðarinnar henti jörðin ekki vel til skógræktar vegna hættu á neikvæðum áhrifum á vistgerðir með hátt verndargildi og varp vaðfugla.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

